

 **Fjármálavit**

**Launaseðillinn**  
**Fjármálafræðsla fyrir nemendur í 8 - 10. bekk.**

**Fjármálavit** er námsefni í fjármálalæsi. Námsefnið er ætlað kennurum og öðrum þeim sem fræða nemendur um grunnþætti fjármála og nefnast hér eftir leiðbeinendur. Leiðbeinandi getur ýmist verið kennari eða utanaðkomandi aðili sem kemur í heimsókn í skóla með námsefnið.

Á næstu blaðsíðum er handrit að kennsluferli um launaseðilinn og mikilvægi þess að geta lesið hann. Uppistaða kennslunnar eru umræður og fræðsla um hugtök launaseðilsins auk þess sem nemendur fara í spurningaleik með forritinu Kahoot.

## Markmið

Að nemendur þekki hugtök launaseðils og átti sig á helstu réttindum og skyldum launþega.

## Lýsing

Lengd kennslunnar er um 60 mínútur. Byrjað er á stuttu spjalli við nemendur til að tengja þá við viðfangsefni dagsins og farið í stutta hugarkortsvinnu þar sem nemendur skrifa niður allt sem þeim dettur í hug tengt launaseðli. Að því búnu dreifir leiðbeinandi launaseðli og sýnir myndband sem útskýrir hann og ræðir með nemendum. Eftir fræðsluna er farið í síðari hugarkortsvinnu og bæta nemendur við hugtökum sem þeir hafa lært í tímanum. Þessu öllu er svo fylgt eftir með spurningaleik í [Kahoot](#).

Ef um er að ræða tímaskort getur leiðbeinandi geymt spurningaleikinn þar til í næsta tíma.

Tíminn hér er til viðmiðunar.

1. Spjall og fyrra hugarkort, 15 mínútur.
2. Myndband og fræðsla um hugtök launaseðils, 20 mínútur.
3. Seinna hugarkort, 5 mínútur.
4. Spurningaleikur – Kahoot, 20 mínútur.

## Undirbúningur og hjálpargögn

- Skólastofa með tölvu, hljóði og skjávarpa og töflu.
- Tveir tússpennar, sitthvor litur.
- Snjallsími, spjaldtölva, eða tölva fyrir hvern hóp.
- Launaseðill á hvern nemanda. Aðgengilegur á [fjarmalavit/namsefni](#).
- Góð nettenging fyrir spurningaleik, spurningar má sjá hér aftar.

## Framkvæmd

### 1. Spjall og fyrra hugarkort, 15 mínútur

Leiðbeinandi segir í stuttu máli frá því sem framundan er í kennslunni og varpar fram spurningum til að fá nemendur til að hugsa um viðfangsefnið. Hér er um að gera fyrir leiðbeinandann að nota eigið hugarflug.

Dæmi um spurningar:


- „Hafið þig fengið launaseðil?“
- „Skoðið þið hann?“
- „Skiljið þið allt sem stendur á launaseðlinum?“
- „Eruð þið að vinna með skóla?“
- „Hvað gerið þið við launin ykkar?“

Leiðbeinandi skrifar hugtakið „Launaseðill“ á töfluna, það er einnig hægt nota stórt blað/veggspjald. Geyma þarf hugarkortið til að skoða síðar í kennslunni. Þegar taflan er notuð og hlé verður á kennslunni er hægt að taka mynd af hugarkortinu, taka upp þráðinn í næsta tíma og klára hugarkortið.

*„Hvað dettur ykkur í hug þegar þið hugsið um launaseðil?“*

Leiðbeinandi spyr hópinn og skrifar jafnóðum á töfluna.

Hér á eftir er dæmi um hugarkort. Sniðugt er að nota tvo liti af tússpennum fyrir fyrra og seinna skiptið, svo nemendur sjái hvað þeir hafa lært af þessu verkefni.



## 2. Myndband og fræðsla um hugtök launaseðils, 20 mínútur

Nú dreifir leiðbeinandi prentuðum eintökum af launaseðli til hvers nemanda og spilar myndband um launaseðilinn af vefsíðu Fjármálavits. Nú er gott að spyrja nemendur út í myndbandið og fá stuttar umræður.

*„Hvað kom fram í þessu myndbandi, nefnið dæmi?“*

Leiðbeinandi hefur nánari útskýringar á launaliðum og frádráttarliðum í viðauka 1 hér aftar.

## 3. Síðari vinna með hugarkort, 5 mínútur

Nú biður leiðbeinandinn nemendur um að horfa ekki á launaseðilinn og bæta við hugakortið út frá því sem þeir voru að læra. Gott er að nota annan lit af tússpenna svo nemendur sjái allt það sem þeir hafa


lært. Leiðbeinandi getur staldrað aðeins við með hugtökin og spurt nemendur hvaða hugtök þeim finnst vera jákvæð og neikvæð, og af hverju.

Dæmi:

*„Er eitthvað af hugtökunum á kortinu sem þið mynduð vilja losna við af launaseðlinum?“*

*„Af hverju?“*

Á myndinni er dæmi um hugarkort nemenda á töflu þar sem svartur litur er úr fyrra hugarkorti og sá rauði úr síðara hugarkorti.





#### 4. Spurningaleikur – Kahoot, 20 mínútur

Í leiknum er stuðst við launaseðilinn sem leiðbeinandinn hefur farið yfir með nemendum. Unnið er í 2 - 3 manna hópum, en einnig geta nemendur verið einir. Notast er við forritið **Kahoot** og þarf hver hópur/nemandi að hafa einn snjallsíma, spjalddölvu eða tölvu. Mikilvægt er að vera með góða nettengingu til að leikurinn gangi smurt fyrir sig.

Leiðbeinandi er búinn að opna slóðina [create.kahoot.it](https://create.kahoot.it), birtir hana á skjánum og setur inn notendanafn og lykilorð.

**Notendanafn: Fjarmalavit**

**Lykilorð: Launaseðill**

## Viðauki 1 – útskýringar á hugtökum launaseðils

### Launaliðir

Starfsmaðurinn er 16 ára síðan í ágúst og vinnur með skóla við afgreiðslustörf í matvöruverslun.

**Mánaðarlaun** - starfsmenn í fullu starfi fá greidda fasta upphæð (grunnlaun) fyrir mánaðarvinnu.

Hlutastarf - starfsmaður telst vera í hlutastarfi ef venjulegur vinnutími hans á viku eða að meðaltali miðað við heilt ár er styttri en sambærilegs starfsmanns í fullu starfi. Starfsmaður okkar er í hlutastarfi með tímakaup í formi dagvinnu og eftir vinnu.

**Dagvinna** – tímakaup er margfaldað með fjölda vinnutíma á mánuði. Ef unnið er t.d. við afgreiðslustörf á virkum dögum á tímabilinu kl. 9 - 18 er oftast um dagvinnu að ræða.

**Eftirvinna** - er sá vinnutími sem unninn er utan dagvinnutímabils og er ákveðið álag á tímakaup í dagvinnu. Eftirvinna má aldrei vera lægri en kveður á í kjarasamningi.

Dæmi: Dagvinnukaup, kr. 2000\*40% álag = 2.800 kr. á tímann í eftirvinnu. Okkar starfsmaður var með meiri eftirvinnu en dagvinnu í mánuðinum, það er kvöld- og helgarvinnu.

Gott er að benda nemendum á að þegar þeir eru í vinnu er mikilvægt að vera vakandi yfir skráningu á unnum tímum, bæði dagvinnu og eftir vinnu. Einnig er hægt að benda þeim á KLUKK – appið frá ASÍ, en það gerir þeim sem starfsmönnum kleift að halda utan um vinnutíma sína. Þó svo það sé oft stimpilklukka í vinnunni þá geta komið upp mistök, eða það gleymist að skrá inn eða út.

**Jafnaðarkaup** - nokkuð algengt er að fólk sem starfar í blandaðri vinnu, þ.e. dag-, kvöld- og helgarvinnu sé boðið svokallað jafnaðarkaup. Þá er starfsmanninum boðið kaup sem er örlítið herra en kaup fyrir klukkutímann í dagvinnu. Hins vegar fær þá starfsmaðurinn sömu laun á tímann fyrir kvöld- og helgarvinnu. Í einhverjum tilvikum er um að ræða vinnustaði þar sem kvöld- og helgarvinna er algengari, svo sem kaffihús og veitingastaði sem frekar eru opnir um kvöld og helgar. Ef vinnuveitandi býður starfsmanni jafnaðarkaup skal liggja fyrir hver vinnutíminn er og á starfsmaður að vera

meðvitaður um að hann tapi ekki á því að þiggja jafnaðarkaup, frekar en dagvinnu og eftirvinnu.

**Orlof** – er í raun áunnið frí og er öllum atvinnurekendum skylt að greiða starfsmönnum sínum orlof. Það á aldrei að vera innifalið í launum, heldur greiðist sérstaklega. Samkvæmt lögum er lágmarksorlof 10,17% af mánaðarlaunum. Orlof er reiknað sem ákveðið hlutfall af launum starfsmanns. Fyrir hvern mánuð sem unninn er í 100% starfi öðlast starfsmaður rétt á tveimur frídögum að lágmarki. Orlof er ýmist nýtt sem frí, eða lagt inn á orlofsreikning sem er svo laus til greiðslu í maí á hverju ári. Sumir vinnuveitendur greiða orlofið út jafnóðum eins og gert er hjá okkar starfsmanni, en það er sjaldgæfara.

**Orlofsuppbót** – er föst bónusgreiðsla sem atvinnurekendum er skylt að greiða launþegum sínum og er hún venjulega greidd út í einni greiðslu 1. maí eða 1. júní. Uppbótin greiðist miðað við starfshlutfall og starfstíma á árinu, en þeir sem hafa verið samfelld í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur síðustu tólf mánuði eða í vinnu fyrstu viku í maí eiga rétt á uppbót.

Neðst á launaseðlinum er yfirlit frá áramótum og sést þar að okkar starfsmaður hefur ekki fengið orlofsuppbót á árinu þar sem hún verður ekki greidd fyrr en 1. maí.

Orlofsuppbót getur verið mishá milli kjarasamninga og er hægt að hafa samband við viðkomandi stéttarfélag til að spyrjast fyrir um orlofsuppbótina.

*Dæmi um orlofsuppbót árið 2024, samningur VR = 58.000 kr. á ári fyrir fullt starfshlutfall.*

**Desemberuppbót** - er bónusgreiðsla sem atvinnuveitendum er skylt að greiða starfsfólki sínu. Venjulega er um að ræða fasta upphæð sem er greidd út í einni greiðslu í desember. Upphæðin fer eftir starfshlutfalli launþegans og kjarasamningum hverju sinni. Uppbótin greiðist miðað við starfshlutfall og starfstíma á árinu, en þeir sem hafa verið samfelld í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur síðustu tólf mánuði eða í vinnu fyrstu viku í desember eiga rétt á uppbót.

Dæmi um desemberuppbót árið 2023: Samningur VR = 103.000 kr. og greiðist hún eigi síðar en 15 desember ár hvert. Okkar starfsmaður á von á einhverri desemberuppbót í desember.



**Rauðir dagar/ stórhátíðardagar** – á þessum dögum er ekki vinnuskylda. Ef unnið er á þessum dögum greiðist aukaálag fyrir til viðbótar við fasta og reglubundna vakt á þessum dögum.

Dæmi um slíka daga eru:

Skírdagur, annar í páskum, uppstigningardagur, annar í hvítasunnu, sumardagurinn fyrsti, frídagur verslunarmanna, annar í jólum, 1. maí, nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, 17. Júní, jóladagur, og svo eftir kl.12 á aðfang- og gamlársgang.

yfirlitinu frá áramótum kemur fram að okkar starfsmaður er með 9 vinnutíma skráða sem stórhátíðarálag frá áramótum. Góð regla er að halda vel utan um þessa daga og bera saman við launaseðilinn.

### **Frádráttarliðir**

Af heildarlaunum eru dregnir skattar og önnur launatengd gjöld. Af öllum launum þarf að greiða slíkt.

**Stéttarfélag** – flestir launþegar eru aðilar að stéttarfélagi sem þeir greiða félagsgjald til. Yfirleitt er félagsgjald í stéttarfélag í kringum 0,7 – 1% af launum og sést upphæðin á launaseðlinum. Stéttarfélag veitir félagsmönnum ýmsa þjónustu eins og upplýsingar og aðstoð vegna launamála, og annarra réttinda félagsmanna. Stéttarfélög semja um laun og önnur starfskjör fyrir hönd launþega með kjarasamningum. Stéttarfélög á Íslandi eru fjölmörg og skiptast eftir starfsgreinum og landssvæðum. Starfsmaðurinn okkar greiðir 0,7% í stéttarfélagið sitt, VR.

Starfsmaður getur m.a. leitað til stéttarfélags og fengið upplýsingar og aðstoð ef eitthvað er óljóst gagnvart atvinnurekanda.

**Lífeyrissjóður** - við byrjum að greiða í lífeyrissjóð næstu mánaðamót eftir 16 ára afmælisdaginn, en öllum sem eru í vinnu á aldrinum 16 – 70 ára er skylt að greiða 4% af launum sínum í lífeyrissjóð. Atvinnurekandinn greiðir frá 8% - 11,5% af mánaðarlaunum starfsmannsins í lífeyrissjóðinn sem mótframlag, en sú prósent er misjöfn eftir því í hvaða stéttarfélagi maður er. Þegar við eldumst og hættum að vinna þá fáum við greitt úr lífeyrissjóðnum til æviloka. Það er misjafnt í hvaða lífeyrissjóði starfsmenn greiða og fer það oft eftir því við hvað þeir starfa, t.d. eru starfsmenn ríkisins

og fleiri skyldugir til að greiða í ákveðinn lífeyrissjóð en aðrir geta valið. Okkar starfsmaður, varð 16 ára í ágúst og byrjaði að greiða í lífeyrissjóð í september.

**Viðbótarlífeyrissparnaður** - margir ákveða að greiða önnur 2 - 4% í viðbótarlífeyrissparnað til að eiga enn meira þegar þeir hætta að vinna. Ef starfsmaðurinn greiðir í viðbótarlífeyrissparnað á atvinnurekandinn einnig að greiða mótframlag sem nemur 2% af heildar launum, sem er í raun launahækkun sem rennur óskert inn á sparnaðinn, en þessa launahækkun fær maður ekki nema greiða í viðbótarlífeyrissparnað. Starfsmaður getur valið sér lífeyrissjóð fyrir viðbótarsparnaðinn, sem þarf ekki að vera sami lífeyrissjóðurinn og hann greiðir skyldulífeyrissparnaðinn í.

Gott er að nefna að þau geti sparað skattfrjálst fyrir útborgun í fyrstu íbúð með greiðslum í viðbótarlífeyrissparnað.

**Skattur** – er gjald sem allir sem vinna þurfa að greiða og er notaður til að mæta sameiginlegum kostnaði. Fyrir skattinn reka ríkið og sveitarfélög t.d. menntakerfið, heilbrigðiskerfið og vegakerfið. Skatturinn borgar fyrir skólagöngu okkar og fyrir sjúkrakostnað ef við veikjumst eða slösumst.

Á Íslandi er skattur innheimtur af ríki og sveitarfélögum og skiptist í útsvar og tekjuskatt og saman heitir það á launaseðlinum staðgreiðsla skatta. Útsvar fer til sveitarfélagsins sem starfsmaðurinn býr í og tekjuskattur er greiðsla til ríkisins. Skattur af launum er greiddur í þrepum eftir því hversu mikið fólk fær í laun.

#### **Skattþrepin eru þrjú og er eftirfarandi árið 2024:**

- **Staðgreiðsla, þrep 1:** Þeir sem eru með laun frá 0 - 446.136 kr. í laun á mánuði greiða **31,48%** af þeim í skatt. Starfsmaðurinn okkar er í skattþrepi 1.
- **Staðgreiðsla, þrep 2:** Þeir sem eru með laun á bilinu 446.137 – 1. 252.501 kr. á mánuði greiða **37,98%** af þeim í skatt.
- **Staðgreiðsla, þrep 3:** Þeir sem eru með meira en 1. 151.011 kr. í laun á mánuði greiða **46,28%** af þeim í skatt.

**Persónuafsláttur** - er skattaafsláttur sem veittur er öllum einstaklingum 16 ára og eldri. Persónuafsláttur kemur að góðum notum en hann lækkar þá upphæð sem við greiðum í skatt í hverjum mánuði. Upphæðin er sú sama fyrir alla óháð tekjum.

**Árið 2024 er persónuafslátturinn 64.926 kr. á mánuði, eða 779.112 kr. yfir árið.**

Persónuafslætti má safna upp milli mánaða og nýta síðar á árinu. Uppsafnaður persónuafsláttur sem ekki er nýttur innan skattárs fellur niður við lok þess. Án persónuafsláttar þarf sá sem er í vinnu að greiða fullan skatt af launum sínum.

Þegar byrjað er í nýrri vinnu ber starfsmaður sjálfur ábyrgð á því að launagreiðandi fái upplýsingar um hvort nýta eigi persónuafsláttinn 100% eða hvort starfsmaður vilji nýta hluta hans á öðrum vinnustað.

Ef einstaklingur vinnur á tveimur stöðum getur hann skipt persónuafslætti sínum á báða vinnustaði.

Ríkisskattstjóri, RSK, hefur yfirsýn yfir hversu mikið búið er að nota af persónuafslættinum og getur starfsmaður fengið upplýsingar um nýttan persónuafslátt á: [rsk.is/persónuafsláttur](http://rsk.is/persónuafsláttur).

Gott er að benda nemendum á „Mínar síður“ hjá RSK en hægt er að fá aðgang við 16 ára aldur og fylgjast með eigin málum er viðkoma skattinum.

**Samtals frá áramótum** - á öllum launaseðlum eru upplýsingar um samanlögð laun og frádrátt frá áramótum, hjá okkar starfsmanni er það til hægri á launaseðlinum.

**Skattalegar upplýsingar** - á öllum launaseðlum eiga að vera skattalegar upplýsingar. Þar kemur fram hversu mikið launþeginn nýtti af persónuafslættinum í mánuðinum og hve mikið af honum er ónýttur miðað við árið.

**Skattstofn** - er sú upphæð sem skattur er **reiknaður** af, heildarlaunin að fráreginni greiðslunni í lífeyrissjóðinn. Sú upphæð er skattlögð þegar starfsmaðurinn fær hana greidda úr lífeyrissjóðnum síðar.

## Viðauki 2: Kahoot - spurningar og lausnir

1. Hvað er okkar starfsmaður með á tímann í eftirvinnu?
  - a) 90.046 kr.
  - b) 2.981 kr.
  - c) 22,5 kr.
  - d) 2.155 kr.
2. Hver eru heildarlaunin fyrir frádrátt skatta og annarra gjalda í þessum mánuði?
  - a) 97.634 kr.
  - b) 215.707 kr.
  - c) 9.012 kr.
  - d) 90.046 kr.
3. Hversu mörg prósent af heildarlaunum greiðir starfsmaðurinn í stéttarfélag?
  - a) 31,48%
  - b) 10,17%
  - c) 4%
  - d) 0,70%
4. Hver ber ábyrgð á réttum upplýsingum um persónuafsláttinn?
  - a) Launagreiðandinn.
  - b) Foreldrar starfsmanns.
  - c) Ríkisskattstjóri – RSK.
  - d) Starfsmaðurinn
5. Skattur er..
  - a) Peningur sem starfsmaður greiðir í stéttarfélag.
  - b) Peningur sem notaður er í sameiginlegan kostnað samfélags.
  - c) Bónusgreiðsla fyrir vel unnin störf.
  - d) Það sem starfsmaður fær fyrir að vinna eftirvinnu.
6. Allir sem eru í vinnu og eru 16 ára og eldri ..
  - a) Eiga rétt á persónuafslætti.
  - b) Fá sömu laun.
  - c) Vinna yfirvinnu.
  - d) Eru í dagvinnu.
7. Þegar við hættum að vinna vegna aldurs..
  - a) Fáum við greitt úr lífeyrissjóði.
  - b) Fáum við greitt úr umhverfissjóði.
  - c) Eigum við ekki rétt á neinum tekjum.
  - d) Gerum við ekki neitt.
  - e)

**8. Staðgreiðsla skatts á launaseðli skiptist í ...**

- a) Matarskatt og virðisaukaskatt.
- b) Svart og hvítt.
- c) Útsvar og gettur betur.
- d) Útsvar og tekjuskatt.

**9. Orlof er**

- a) Áunnið frí.
- b) Matarhlé.
- c) Vaktaálag.
- d) Fjöldi veikindadaga.

**10. Við byrjum að greiða í lífeyrissjóð..**

- a) Þegar við fáum peninga að gjöf.
- b) Næstu mánaðarmót eftir 16 ára afmælisdaginn.
- c) Þegar við flytjum að heiman.
- d) Þegar við byrjum að vinna í unglíngavinnunni.

**11. Hver af eftirfarandi fullyrðingum er röng?**

- a) Persónuafsláttur lækkar upphæð skatts í hverjum mánuði.
- b) Skattur er dreginn af heildarlaunum okkar.
- c) Eftirvinna er sá tími sem unninn er utan dagvinnutímabils.
- d) Persónuafsláttur er bara fyrir persónur sem standa sig vel í vinnu.

**12. Þegar við byrjum að greiða í lífeyrissjóð**

- a) Hættum við strax að vinna.
- b) Getum við valið að greiða einnig í viðbótarlífeyrissparnað.
- c) Fáum við frítt í bíó.
- d) Erum við orðin gömul og hættum að vinna.

**13. Þeir sem eru í hlutastarfi**

- a) Eru í 100% starfi.
- b) Eru á tímakaupi.
- c) Vinna bara á kvöldin og um helgar.
- d) Fá hluta af laununum sínum greiddan.

**14. Okkar starfsmaður tilheyrir skattþrepi**

- a) 1
- b) 2
- c) 3
- d) 4

15. Hversu mikið af persónuafslættinum notar starfsmaðurinn okkar í þessum mánuði?

- a) 93.634 kr.
- b) Hann þarf ekki að nota hann.
- c) Allan
- e) 29.506 kr.

Auka fróðleikur úr reglugerð um vinnu unglunga, 15 – 17 ára:

- Vinnutími unglunga má ekki fara yfir 8 klst. á dag og 40 klst. á viku. Þegar daglegur vinnutími er að jafnaði 8 klst. skal hann vera samfelldur ef kostur er.
- Ef daglegur vinnutími er lengri en 4 klukkustundir á unglingur rétt á minnst 30 mínútna hléi á hverjum degi sem skal vera samfellt ef kostur er.
- Unglingar mega ekki vinna frá kl. 22 til kl. 6 nema annað sé sérstaklega tekið fram. Í söluturnum og söluskálum, á skyndibitastöðum, myndbandaleigum, bensínstöðvum og sambærilegum stöðum mega unglingar vinna til kl. 24 að kvöldi, einnig á veitingastöðum og hótelum. Í kvikmyndahúsum, leikhúsum og við sambærilega starfsemi mega unglingar aðstoða við sýningar til kl. 24.
- Vinnutími má þó aldrei vera milli kl. 24 og kl. 4 (Í bakaríi má vinna frá kl. 4).
- Næturvinnutími telst vera frá kl. 22 til kl. 6.

**Fyrirtækið ehf.**

 Heimilisfang  
 Kennitala fyrirtækis

 Jóna Jóelsdóttir  
 Salalind 24  
 201 Kópavogur

 Dagsetning 1. 02. 202X  
 Launatímabil: 1.01 - 31.01

 Kennitala: Jóna er 16 ára  
**Laun 97.634**  
**Frádráttur 7.588**  
**Útborguð laun 90.046**

 Bankareikningur xxx - 26 - xxx kr. 90.046  
 Orlofsreikningur xxx – 16 – xxx kr. 9.012

Laun	Tímar/einingar	Taxti	Upphæð
Dagvinna, 16 ára	10	2.155	21.550
Eftirvinna, 16 ára	22,5	2.981	67.072
Orlof		10,17%	9.012
		<b>Samtals</b>	<b>97.634</b>

Frádráttarliðir	Taxti	Upphæð
Lífeyrissjóður	4,00%	3.905
Viðbótarlífeyrissparnaður	0,00%	0
Stéttarfélag	0,70%	683
Staðgreiðsla skatta		0
Vöruúttekt		3.000
	<b>Samtals</b>	<b>7.588</b>

**Skattalegar  
upplýsingar**

		Frá áramótum	Tímar	Upphæð
Heildarlaun	97.634	Dagvinna	21	45.255
Lífeyrissjóðsframlag	-3.905	Eftirvinna	50,5	150.540
Skattstofn	<b>93.729</b>	Orlof		19.912
		Orlofsuppbót	0,00	0
<b>Sundurliðun</b>		Stórhátíðarálag	0	0
<b>staðgreiðslu skatta</b>				
Skattþrep 1	31,48%			<b>215.707</b>
Persónuafsláttur		Lífeyrissjóður		8.628
<b>Til greiðslu</b>	<b>0</b>	Stéttarfélag		1.510
		Staðgreiðsla skatta		0
Uppsafnaður persónuafsláttur á árinu	69.852	Vöruúttekt		3.000
				<b>13.138</b>